

AUGLÝSING

um uppgjör sölugjalds og sérstaks söluskatts vegna janúarmánaðar 1988.

1. gr.

Fyrir janúarmánuð 1988 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna sölugjaldsskyldrar starfsemi og skattskyldrar starfsemi til sérstaks söluskatts frá 1. degi mánaðarins til og með 6. janúar en hinni vegna söluskattsskyldrar starfsemi og skattskyldrar starfsemi til sérstaks söluskatts frá og með 7. janúar til loka mánaðarins. Skattýfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af skattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal um dreifingu viðskipta eftir mánuðum á þessu og fyrri árum.

2. gr.

Peim sem notað hafa uppgjörsaðferðir er um ræðir í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 486/1982 með síðari breytingum er heimilt að skipta heildarsölu tímabilsins 1. janúar til og með 6. janúar 1988 í sölugjaldsskylda sölu, skattskylda til sérstaks söluskatts og söluskattsfrjálsa sölu í sömu hlutföllum og voru á milli þessara gjaldflokka í söluskattsuppgjöri fyrir októbermánuð 1987. Velji framteljandi að skipta heildarsölu með þessum hætti skal hann geta þess sérstaklega á söluskattsskýrslu.

Gefi innkaup á tímabilinu 1. janúar 1988 til og með 6. janúar 1988 ekki rétta mynd af innkaupum heils mánaðar skal skipta heildarsölu á þessu tímabili í sömu hlutföllum og sala októbermánaðar 1987 skiptist á milli framangreindra gjaldflokka, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 486/1982 með síðari breytingum getur skattstjóri, að fenginni beiðni framteljanda sem notað hefur uppgjörsaðferð nr. 3 í fyrrnefndri 17. gr., tekið tillit til birgða ef framteljandi sýnir fram á svo óyggjandi sé að uppgjörsaðferðin leiði til óeðlilegra söluskattskila.

Við mat á því hvort fallast beri á beiðni skv. 1. mgr. skal skattstjóri m.a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

- Hvenær rekstur hófst eða hvenær umrædd uppgjörsaðferð var tekin í notkun. Ekki skal verða við beiðni skv. þessari grein frá aðilum sem hófu rekstur eða byrjuðu að nota uppgjörsaðferð nr. 3 á árinu 1981 eða fyrr.
- Birgðastöðu í upphafi rekstrar eða þegar uppgjörsaðferð nr. 3 var tekin í notkun og áhrifa hennar á sölugjaldsuppgjör á fyrsta uppgjörstímabili sölugjalds þar á eftir.

Fallist skattstjóri á framkomna beiðni skv. þessari grein skal hann heimila viðkomandi aðila að draga að hluta eða öllu leyti óseldar birgðir af sölugjaldsskyldum vörum og vörum skattskyldum til sérstaks söluskatts að kveldi hins 6. janúar 1988 frá heildarveltu uppgjörstímabilsins 7. janúar 1988 til loka þess mánaðar.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1988.

F.h.r.

Indriði H. Þorláksson.

Lárus Ögmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 500,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 170,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða Elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 60,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. mars 1988 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 30. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.